

Nr. 18

5. júlí 2021

AUGLÝSING um samning um eflingu alþjóðlegs vísindasamstarfs á norðurslóðum.

Með orðsendingu dagsettri 16. janúar 2018 var utanríkisráðuneyti Danmerkur tilkynnt að Ísland hefði staðfest samninginn um að efla alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum sem gerður var í Fairbanks 11. maí 2017 á milli ríkisstjórnar Kanada, ríkisstjórnar Konungsríkisins Danmerkur, ríkisstjórnar Lýðveldisins Finnlands, ríkisstjórnar Íslands, ríkisstjórnar Konungsríkisins Noregs, ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins, ríkisstjórnar Konungsríkisins Svíþjóðar og ríkisstjórnar Banda-ríkja Norður-Ameríku.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Tilkynnt verður um gildistöku samningsins síðar.

Þetta er hér með gert almenningu kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 5. júlí 2021.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal.

**SAMNINGUR
UM AÐ EFLA ALÞJÓÐLEGT VÍSINDASAMSTARF Á NORÐURSLÓÐUM**

Ríkisstjórn Kanada, ríkisstjórn Konungsríkisins Danmerkur, ríkisstjórn Lýðveldisins Finnlands, ríkisstjórn Íslands, ríkisstjórn Konungsríkisins Noregs, ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, ríkisstjórn Konungsríkisins Svíþjóðar og ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku (hér á eftir nefndar „samningsaðilar“),

- sem gera sér grein fyrir mikilvægi þess að viðhalda friði, stöðugleika og að eiga uppbyggilegt samstarf á norðurslóðum,**
- sem gera sér grein fyrir mikilvægi sjálfbærrar auðlindanýtingar, efnahagsþróunar, heilbrigðis manna og umhverfisverndar,**
- sem ítreka að bráð þörf er á auknum aðgerðum til þess að draga úr og aðlagast loftslagsbreytingum,**
- sem leggja áherslu á mikilvægi þess að ákvarðanataka byggist á bestu, fáanlegu þekkingu,**
- sem veita athygli mikilvægi alþjóðlegs vísindasamstarfs í þessu tilliti,**
- sem taka fullt tillit til viðeigandi ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982, einkum ákvæða XIII. hluta um hafrannsóknir sem varða það að stuðla að og greiða fyrir þróun og framkvæmd hafrannsókna í friðsamlegum tilgangi,**
- sem hafa í huga Kiruna-yfirlýsinguna frá áttunda ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í maí 2013 og Iqaluit-yfirlýsinguna frá níunda ráðherrafundi Norðurskautsráðsins í apríl 2015,**
- sem gera sér grein fyrir stöðugri þróun innan Alþjóðlega framtaksverkefnisins um heimskautin (International Polar Partnership Initiative) samkvæmt ákvörðun framkvæmdaráðs Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar,**
- sem gera sér grein fyrir mikilvægi forgangsverkefnanna á sviði rannsókna samkvæmt ákvörðun Alþjóðlegu ráðstefnunnar um skipulag norðurskautsrannsókna (International Conference on Arctic Research Planning),**
- sem gera sér grein fyrir starfi Norðurskautsráðsins og dótturstofnana þess,**
- sem gera sér grein fyrir umfangsmikilli sérþekkingu aðila utan sammingsins á sviði vísinda og ómetanlegu framlagi þeirra til vísindalegrar starfsemi, einkum samtaka frumbyggja sem eiga fast sæti í ráðinu og áheyrnarfulltrúa í Norðurskautsráðinu,**
- sem gera sér grein fyrir þeim umtalsverða ávinningi sem fjárfestingar í formi fjármagns og aðrar fjárfestingar norðurskautsríkjanna og annarra þjóða í Alþjóðaári heimskautasvæðanna (International Polar Year) hafa skilað, og niðurstöðum þess síðarnefnda, m.a. einkum nýrri vísindaþekkingu, innviðum og tækni til athugana og greininga,**
- sem gera sér grein fyrir því framúrskarandi samstarfi á sviði vísinda sem þegar á sér stað innan margra samtaka og framtaksverkefna, s.s. Vöktunarkerfis fyrir norðurslóðir (Sustaining Arctic Observing Networks), Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefndarinnar (International Arctic Science Committee), Háskóla norðurslóða (University of the Arctic), Vettvangs norðurslóðarrannsókna (Forum of Arctic Research Operators), Alþjóðlegs samstarfsnets rannsóknamiðstöðva á norðurslóðum (International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic), Alþjóðaveðurfræðistofnunarinnar (World Meteorological Organization), Alþjóðahafrannsóknaráðsins (International Council for the Exploration of the Sea), Norðurvísindahópsins við Kyrrahaf (Pacific Arctic Group), Samtaka ungra pólvísindamanna (Association of Polar Early Career Scientists), þekkingarstofnana frumbyggja, Alþjóðlegra norðurslóðasamtaka félagsvísindamanna (International Arctic Social Sciences Association) og margra annarra, og**

sem hafa hug á að leggja af mörkum til og byggja á fyrirliggjandi samstarfi og leitast við að þróa og víkka út alþjóðlegt vísindasamstarf á norðurslóðum,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Hugtök og skilgreiningar.

Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„*að greiða fyrir*“: að nýta allar nauðsynlegar málsmeðferðir, m.a. taka tímanlega til athugunar og taka ákvárdanir eins skjótt og unnt er,

„*þáttakandi*“: deildir og stofnanir samningsaðilanna á sviði vísinda og tækni, rannsóknamiðstöðvar þeirra, háskólar og menntastofnanir og verktakar, styrkþegar og aðrir aðilar sem starfa með eða koma fram fyrir hönd eins eða fleiri samningsaðila og taka þátt í vísindalegri starfsemi samkvæmt þessum samningi,

„*vísindaleg starfsemi*“: viðleitni til að efla skilning á norðurslóðum með vísindalegum rannsóknum, vöktun og mati. Þessi starfsemi getur falið í sér, en er ekki bundin við, skipulagningu og framkvæmd verkefna og áætlana, leiðangra, athugana, vöktunarverkefna, kannana, líkana og mats á sviði vísindarannsókna; þjálfun starfsfólks; skipulagningu og framkvæmd námskeiða, málþinga, ráðstefna, vinnufunda og funda á sviði vísinda; söfnun, vinnslu, greiningu og miðlun vísindalegra gagna, hugmynda, niðurstaðna, aðferða og reynslu og arftekinnar og staðbundinnar þekkingar; þróun aðferða og reglna við sýnatökur; undirbúning útgáfu; og þróun, framkvæmd og nýtingu annars vegar birgðastjórnunarþjónustu til stuðnings rannsóknum og hins vegar rannsóknainnviða,

„*tilgreind land- og hafsvæði*“: svæðin sem lýst er í 1. viðauka.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur þessa samnings er að efla samstarf á sviði vísindalegrar starfsemi til þess að auka skilvirkni og árangur í þróun vísindalegrar þekkingar um norðurslóðir.

3. gr.

Hugverkaréttur og önnur málefni.

Ef við á skal samstarf samkvæmt þessum samningi fara fram á grundvelli sérstakra samninga eða samkomulags um framkvæmd sem samningsaðilar eða þáttakendur gera með sér um starfsemi sína, einkum fjármögnun hennar, notkun vísinda- og rannsóknarniðurstaðna, -aðstöðu og -búnaðar, og lausn deilumála. Á grundvelli slíkra sérstakra samninga eða samkomulags skulu samningsaðilar, eftir því sem við á, annaðhvort með beinum hætti eða fyrir milligöngu þáttakenda, tryggja fullnægjandi og skilvırka vernd hugverkaréttinda og sanngjarna veitingu þeirra, í samræmi við gildandi lög, reglur, málsmeðferðir og stefnur, svo og alþjóðlegar lagaskuldbindingar hlutaðeigandi samningsaðila, og fjalla um önnur málefni sem kunna að leiða af starfsemi samkvæmt þessum samningi.

4. gr.

Koma og brottför einstaklinga, búnaðar og efnis.

Sérhver samningsaðili skal gera sitt ítrasta til að greiða fyrir komu og brottför einstaklinga, rannsóknarverkvanga, efnis, sýna, gagna og búnaðar þáttakenda inn á og frá yfirráðasvæði hans eftir því sem þörf er á til þess að stuðla að markmiðum þessa samnings.

5. gr.

Aðgangur að rannsóknainnviðum og -aðstöðu.

Samningsaðilar skulu gera sitt ítrasta til að greiða fyrir aðgengi þáttakenda að borgaralegum rannsóknainnviðum og -aðstöðu innanlands og að birgðastjórnunarþjónustu, s.s. vegna flutninga og geymslu búnaðar og efnis til vísindalegrar starfsemi á tilgreindu land- og hafsvæðunum samkvæmt þessum samningi.

6. gr.

Aðgangur að rannsóknasvæðum.

- Samningsaðilar skulu greiða fyrir aðgengi þáttakenda að landsvæðum, strandsvæðum, svæðum innan andrúmsloftsins og hafsvæðum á tilgreindu land- og hafsvæðunum, í samræmi við reglur þjóðaréttar, í þeim tilgangi að sinna vísindalegri starfsemi.
- Samningsaðilar skulu greiða fyrir meðferð umsókna um að stunda hafrannsóknir samkvæmt þessum samningi í samræmi við hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna frá 1982.
- Samningsaðilar skulu einnig greiða fyrir sameiginlegri vísindalegri starfsemi sem krefst söfnunar vísindagagna í lofti á tilgreindu land- og hafsvæðunum og fellur undir sérstaka samninga eða samkomulag um framkvæmd sem samningsaðilar eða þáttakendur gera með sér um slíka starfsemi.

7. gr.

Aðgangur að gögnum.

- Samningsaðilar skulu greiða fyrir aðgengi að vísindalegum upplýsingum í tengslum við vísindalega starfsemi samkvæmt þessum samningi.
- Samningsaðilar skulu styðja við fullan og opinn aðgang að vísindalegum lýsigögnum og hvetja til opins aðgangs að vísindagögnum og gagnaafurðum og birtum niðurstöðum með sem minnstum töfum, helst á Netinu og án endurgjalds eða gegn gjaldi sem er ekki hærra en sem nemur kostnaði við endurgerð og afhendingu.
- Samningsaðilar skulu greiða fyrir dreifingu og miðlun vísindalegra gagna og lýsigagna með því að fylgia, eftir því sem við á og við verður komið, almennt viðurkenndum stöðum, sniði, aðferðarlýsingum og skýrslugjöf.

8. gr.

Tækifæri til náms, starfsframa og þjálfunar.

Samningsaðilar skulu stuðla að tækifærum fyrir nema á öllum námsstigum og unga vísindamenn í þeirri vísindalegu starfsemi sem fram fer samkvæmt þessum samningi til þess að hlúa að komandi kynslóðum vísindamanna og byggja upp getu og sérfræðikunnáttu til þess að efla þekkingu á norðurslóðum.

9. gr.

Arftekin og staðbundin þekking.

- Samningsaðilar skulu hvetja þáttakendur til þess að nýta, eftir því sem við á, arftekna og staðbundna þekkingu við undirbúning og framkvæmd vísindalegrar starfsemi samkvæmt þessum samningi.
- Samningsaðilar skulu hvetja til samskipta, eftir því sem við á, milli þeirra sem búa yfir arftekinni og staðbundinni þekkingu og þáttakenda sem sinna vísindalegri starfsemi samkvæmt þessum samningi.
- Samningsaðilar skulu hvetja þá sem búa yfir arftekinni og staðbundinni þekkingu, eftir því sem við á, til að taka þátt í vísindalegri starfsemi samkvæmt þessum samningi.

10. gr.

Lög, reglur, málsmæðferðir og stefnur.

Starfsemi samkvæmt þessum samningi skal fara fram og skuldbindingar samkvæmt honum framkvæmdar í samræmi við gildandi alþjóðalög og gildandi lög, reglur, málsmæðferðir og stefnur við komandi samningsaðila. Fyrir samningsaðila með stjórnvöld á lægri stjórnstigum taka gildandi lög, reglur, málsmæðferð og stefnur einnig til slíkra laga, reglna, málsmæðferða og stefna stjórnvalda á lægri stjórnstigum.

11. gr.

Tilföng.

1. Sérhver samningsaðili skal bera eigin kostnað vegna framkvæmdar þessa samnings nema gert sé samkomulag um annað.
2. Framkvæmd þessa samnings skal vera með fyrirvara um að viðeigandi tilföng séu fyrir hendi.

12. gr.

Endurskoðun samningsins.

1. Samningsaðilar skulu hittast eigi síðar en einu ári eftir gildistöku þessa samnings og boðar vörlusuðili til fundar, og eftir það eins og samningsaðilar ákveða. Samningsaðilar geta valið að boða til slíkra funda í tengslum við fundi Norðurskautsráðsins, og m.a. boðið samtökum frumbyggja sem eiga fast sæti í ráðinu og áheyrnarfulltrúum Norðurskautsráðsins að vera áheyrnarfulltrúar og leggja fram upplýsingar. Taka má tillit til vísindasamstarfs um norðurslóðavísindi með aðilum sem standa utan samningsins þegar framkvæmd þessa samnings er tekin til endurskoðunar.
2. Á þessum fundum skulu samningsaðilar skoða framkvæmd þessa samnings, m.a. þann árangur sem náðst hefur og hindranir við framkvæmd, auk þess að skoða leiðir til að bæta árangur og framkvæmd þessa samnings.

13. gr.

Yfirvöld og tengiliðir.

Sérhver samningsaðili skal tilnefna lögbært landsyfirvald eða -yfirvöld sem ábyrgan tengilið vegna þessa samnings. Nöfn og samskiptaupplýsingar tilnefndra tengiliða eru sett fram í 2. viðauka við þennan samning. Sérhver samningsaðili skal þegar í stað upplýsa hina samningsaðilana skriflega, með milligöngu lögbærs landsyfirvalds eða -yfirvalda og eftir diplómatískum leiðum, um hvers kyns breytingar á þessum tilnefningum.

14. gr.

Viðaukar.

1. Viðauki 1, sem um getur í 1. gr., telst vera óaðskiljanlegur hluti þessa samnings og er lagalega bindandi.
2. Viðauki 2, sem um getur í 13. gr., telst ekki vera óaðskiljanlegur hluti þessa samnings og er ekki lagalega bindandi.
3. Heimilt er að samþykkja aðra viðauka, sem eru ekki lagalega bindandi, á fundum samningsaðilanna sem um getur í 12. gr. Heimilt er að breyta 2. viðauka, sem um getur í 13. gr., eins og kveðið er á um í þeirri grein.

15. gr.

Lausn deilumála.

Samningsaðilar skulu leysa deilur um beitingu eða túlkun samnings þessa með beinum samningaviðræðum.

16. gr.

Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Ekki skal túlka neitt í þessum samningi þannig að það breyti réttindum eða skyldum neins samningsaðila samkvæmt öðrum viðeigandi alþjóðasamningum eða að þjóðarétti.

17. gr.

Samstarf við aðila sem standa utan samningsins.

1. Samningsaðilum er heimilt að halda áfram að auka og greiða fyrir samstarfi um norðurslóðavísindi við aðila, sem standa utan þessa samnings.
2. Samningsaðilum er heimilt, að eigin ákvörðun, að taka upp samstarf eins og lýst er í þessum samningi við aðila sem standa utan samningsins og beita ráðstöfunum, sem eru í samræmi við þær ráðstafanir sem lýst er í þessum samningi, í samstarfi við aðila utan samningsins.

Nr. 18

5. júlí 2021

3. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á réttindi og skyldur samningsaðilanna samkvæmt samningum við aðila utan samningsins né heldur koma í veg fyrir samstarf milli samningsaðila og aðila utan samningsins.

18. gr.

Breytingar á samningnum.

1. Heimilt er að breyta samningi þessum með skriflegu samkomulagi allra samningsaðila.
2. Breytingin skal öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag þegar vörluaðili veitir viðtöku, eftir diplómatískum leiðum, síðustu skriflegu tilkynningunni þess efnis að samningsaðilarnir hafi lokið þeirri innri málsmæðferð, sem krafist er vegna gildistöku hennar.

19. gr.

Bráðabirgðabeiting, gildistaka og úrsögn.

1. Hvaða undirritunaraðili sem er getur beitt þessum samningi til bráðabirgða ef hann lætur vörluaðila í té skriflega yfirlýsingu um það. Hver slíkur undirritunaraðili skal beita þessum samningi til bráðabirgða í samskiptum sínum við sérhvern annan undirritunaraðila, sem hefur sett fram sömu tilkynningu, frá þeim degi sem hann setur fram yfirlýsingu sína eða öðrum degi sem tilgreindur er í yfirlýsingunni.
2. Þessi samningur skal öðlast gildi til fimm ára 30 dögum eftir þann dag þegar vörluaðili veitir viðtöku, eftir diplómatískum leiðum, síðustu skriflegu tilkynningunni þess efnis að samningsaðilarnir hafi lokið þeirri innri málsmæðferð, sem krafist er vegna gildistöku hans.
3. Þessi samningur skal endurnýjast sjálfkrafa til fimm ára í senn nema einhver samningsaðila tilkynni hinum samningsaðilunum skriflega, a.m.k. sex mánuðum áður en fyrsta fimm ára tímabilið eða síðari fimm ára tímabil renna úr gildi, um að hann hyggist segja sig frá samningnum en í því tilviki gildir hann áfram milli þeirra samningsaðila sem eftir standa.
4. Samningsaðili getur hvenær sem er sagt sig frá samningnum með því að senda skriflega tilkynningu um það til vörluaðila eftir diplómatískum leiðum með a.m.k. sex mánaða fyrirvara þar sem tilgreindur er gildistökudagur úrsagnarinnar. Úrsögn frá samningnum hefur ekki áhrif á beitingu hans meðal þeirra samningsaðila sem eftir eru.
5. Úrsögn samningsaðila skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar hans varðandi starfsemi sem framkvæmd er samkvæmt þessum samningi hafi þær skuldbindingar komið til fyrir gildistökudag úrsagnarinnar.

20. gr.

Vörluaðili.

Ríkisstjórn Konungsríkisins Danmerkur skal vera vörluaðili samnings þessa.

GJÖRT 11. maí 2017 í Fairbanks, Alaska, Bandaríkjum Norður-Ameríku. Samningur þessi er gerður í einu eintaki á ensku, frönsku og rússnesku og eru allir textarnir jafngildir. Vinnutungumál samningsins skal vera enska, sem er það tungumál sem notað var við samningaviðræðurnar. Vörluaðili skal senda samningsaðilunum staðfest endurrit af samningi þessum.

VIÐAUKI 1
Tilgreind land- og hafsvæði.

Hver samningsaðili lýsir hér á eftir tilgreindum land- og hafsvæðum að því er þennan samning varðar og einnig svæðum þar sem ríki með ríkisstjórn sem er aðili að þessum samningi fer með fullveldi, fullveldisréttindi eða lögsögu, m.a. landi og innsævi innan þessara svæða og aðliggjandi landhelgi, sérefnahagslögsögu og landgrunni í samræmi við reglur þjóðaréttar. Tilgreind land- og hafsvæði taka einnig til svæða utan landsbundinnar lögsögu á úthafinu norðan 62. gráðu norðlægrar breiddar.

Samningsaðilar eru sammála um að þessum tilgreindu land- og hafsvæðum er einungis lýst í þágu þessa samnings. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á tilvist eða afmörkun réttar til hafsvæðis eða afmörkunar á hvers kyns mörkum milli ríkja í samræmi við reglur þjóðaréttar.

KANADA - Landsvæðin Yukon, Norðvesturhéruðin og Nunavut og aðliggjandi hafsvæði Kanada.

KONUNGSRÍKID DANMÖRK - Yfírráðasvæði Konungsríkisins Danmerkur, þ.m.t. Grænland og Færeys, og hafsvæði þess norðan við suðurmörk sérefnahagslögsögu Grænlands og fiskveiðilögsögu Færøyja.

FINNLAND - Yfírráðasvæði Finnlands og hafsvæði þess.

ÍSLAND - Yfírráðasvæði Íslands og hafsvæði þess.

NOREGUR - Hafsvæði norðan 62. gráðu norðlægrar breiddar og landsvæði norðan heimskautsbaugs (66,6 gráður norðlægrar breiddar).

RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKID

1. Landsvæði Murmansk-svæðisins.
2. Landsvæði sjálfsstjórnarsvæðisins Nenets.
3. Landsvæði sjálfsstjórnarsvæðisins Chukchi.
4. Landsvæði sjálfsstjórnarsvæðisins Yamalo-Nenets.
5. Landsvæði sjálfsstjórnareiningarinnar „Vorkuta“ (Lýðveldið Komi).
6. Landsvæðin Allaikhov Ulus (hérað), Anabar National (Dolgano-Evenk) Ulus (hérað), Bulun Ulus (hérað), Nizhnekolymsk-hérað, Ust-Yan Ulus (hérað) (Lýðveldið Sakha (Yakutia)).
7. Landsvæði þeitbýlissvæðis Norilsk, sveitarstjórnarhéraðið Taimyr Dolgan-Nenets, Turukhanhérað (landsvæði Krasnoyarsk).
8. Landsvæði sjálfsstjórnareininganna „Arkhangelsk-borg“, „sveitarstjórnarhéraðið Mezen“, „Novaya Zemlya“, „Novodvinsk-borg“, „sveitarstjórnarhéraðið Onega“, „sveitarstjórnarhéraðið Primorsky“, „Severodvinsk“ (Arkhangelsk-hérað).
9. Lönd og eyjar í Norður-Íshafi sem eru tilgreind í ályktun forsætisnefndar æðstaráðs Sovétríkjanna frá 15. apríl 1926 „Tilkynning um að lönd og eyjar í Norður-Íshafi teljist til yfírráðasvæðis Sovétríkjanna“ og aðrar lagagerðir Sovétríkjanna, auk aðliggjandi hafsvæða.

Athugasemd: Landsvæði sjálfsstjórnareininga, sem talin eru upp í 5.-8. lið hér að framan, eru tilgreind innan landamæranna frá og með 1. apríl 2014.

SVÍPJÓÐ - Yfírráðasvæði Svíþjóðar og hafsvæði þess norðan gráðu 60,5 norðlægrar breiddar.

BANDARÍKI NORDUR-AMERÍKU - Allt bandarískt yfírráðasvæði norðan heimskautsbaugs og norðan og vestan þeirra marka sem helgast af ánum Porcupine, Yukon and Kuskokwim; Aleútaeyjaboginn og aðliggjandi hafsvæði í Norður-Íshafi og Beaufort-hafi, Beringshafi og Chukchi-hafi.

Nr. 18

5. júlí 2021

**2. VIÐAUKI
Yfirvöld og tengiliðir.**

KANADA

Polar Knowledge Canada
170 Laurier Avenue West, 2ND Floor, Suite 200, Ottawa, Ontario K1P 5V5
Sími: +1 613 943 8605
Netfang: info@polar.gc.ca

Tengiliður fyrirspurna um hafrannsóknir:
Global Affairs Canada
Security and Defense Relations, 125 Sussex Drive, Ottawa, Ontario K1A 0G2
Sími: +1 343 203 3208
Netfang: chris.conway@international.gc.ca; EXTOTT-IGR@international.gc.ca

KONUNGSRÍKIÐ DANMÖRK

The Ministry of Foreign Affairs
Department for Northern America and the Arctic
Asiatisk Plads 2, 1448 Copenhagen K
Sími: + 45 33 92 00 00
Netfang: ana@um.dk

Danish Agency for Science, Technology and Innovation
Bredgade 40, 1260 Copenhagen K
Sími: +45 35 44 62 00

Department of Foreign Affairs
Postboks 1340, 3900 Nuuk
Sími: +299 34 50 00
Netfang: nap@nanoq.gl

Ministry of Education, Culture, Research and Church
Postboks 1029, 3900 Nuuk
Sími: +299 34 50 00
Netfang: ikiin@nanoq.gl

Ministry of Foreign Affairs and Trade
Gongin 7, Postbox 377, 110 Tórshavn
Sími: +298 30 66 00
Netfang: uvmr@uvmr.fo

Ministry of Education, Research and Culture
Hoyvíksvegur 72, Postbox 3279, 110 Tórshavn
Sími: +298 30 65 00
Netfang: mmr@mmr.fo

FINNLAND

Ministry of Education and Culture
P.O. Box 29, FI-00023 Government
(Heimilisföng: Meritullinkatu 10, Helsinki;
Meritullinkatu 1, Helsinki)
Sími: +358 2953 30004 (skiptiborð)
Netfang: kirjaamo@minedu.fi

Nr. 18

5. júlí 2021

ÍSLAND

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvholsgata 4, 101 Reykjavík
Sími: +354 545 9500
Netfang: postur@mmr.stjr.is

Rannsóknamiðstöð Íslands
Borgartún 30, 105 Reykjavík
Sími: +354 515 5800
Netfang: rannis@rannis.is

NOREGUR

Ministry of Education and Research
P.O. Box 8119 Dep, N-0032 Oslo
Heimilisfang: Kirkegata 18, Oslo
Sími: +47 22 24 90 90
Netfang: postmottak@kd.dep.no

The Research Council of Norway
P.O Box 564 N-1327 Lysaker
Heimilisfang: Drammensveien 288, Oslo
Sími: +47 22 03 70 00
Netfang: post@forskningsradet.no

RÚSSNESKA SAMBANDSRÍKIÐ

Ministry of Education and Science
Department of Science and Technology
Tverskaya st., 11, Moscow 125993
Sími: +7 495 629 03 64
Netfang: D-14@mon.gov.ru

SVÍJÓÐ

Ministry of Education and Research
103 33 Stockholm
Sími: +46 8 405 1000
Netfang: u.registrator@regeringskansliet.se

BANDARÍKI AMERÍKU

US Arctic Research Commission
Executive Director, US Arctic Research Commission
4350 N. Fairfax Dr., Suite 510, Arlington, VA 22203
Sími: + 1 703 525 0113
Netfang: info@arctic.gov

**AGREEMENT
ON ENHANCING INTERNATIONAL ARCTIC SCIENTIFIC COOPERATION**

The Government of Canada, the Government of the Kingdom of Denmark, the Government of the Republic of Finland, the Government of Iceland, the Government of the Kingdom of Norway, the Government of the Russian Federation, the Government of the Kingdom of Sweden, and the Government of the United States of America (hereinafter referred to as the “Parties”),

Recognizing the importance of maintaining peace, stability, and constructive cooperation in the Arctic;

Recognizing the importance of the sustainable use of resources, economic development, human health, and environmental protection;

Reiterating the urgent need for increased actions to mitigate and adapt to climate change;

Emphasizing the importance of using the best available knowledge for decision-making;

Noting the importance of international scientific cooperation in that regard;

Fully taking into account the relevant provisions of the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea, in particular the provisions in Part XIII on marine scientific research as they relate to promoting and facilitating the development and conduct of marine scientific research for peaceful purposes;

Recalling the Kiruna Declaration on the occasion of the Eighth Ministerial meeting of the Arctic Council held in May 2013 and the Iqaluit Declaration on the occasion of the Ninth Ministerial meeting of the Arctic Council held in April 2015;

Recognizing the ongoing development of the International Polar Partnership Initiative as determined by the Executive Council of the World Meteorological Organization;

Recognizing the significance of the research priorities as determined by the International Conference on Arctic Research Planning;

Recognizing the efforts of the Arctic Council and its subsidiary bodies;

Recognizing the significant scientific expertise and invaluable contributions to scientific activities being made by non-Parties and specifically by the Arctic Council Permanent Participants and Arctic Council Observers;

Recognizing the substantial benefit gained from the financial and other investments by the Arctic States and other nations in the International Polar Year and its outcomes, including in particular new scientific knowledge, infrastructure and technologies for observation and analysis;

Recognizing the excellent existing scientific cooperation already under way in many organizations and initiatives, such as the Sustaining Arctic Observing Networks, the International Arctic Science Committee, the University of the Arctic, the Forum of Arctic Research Operators, the International Network for Terrestrial Research and Monitoring in the Arctic, the World Meteorological Organization, the International Council for the Exploration of the Sea, the Pacific Arctic Group, the Association of Polar Early Career Scientists, indigenous knowledge institutions, the International Arctic Social Sciences Association, and many others; and

Desiring to contribute to and build upon existing cooperation and make efforts to develop and expand international Arctic scientific cooperation,

Have agreed as follows:

Article 1
Terms and definitions

For the purposes of this Agreement:

“*Facilitate*” means pursuing all necessary procedures, including giving timely consideration and making decisions as expeditiously as possible;

“*Participant*” means the Parties’ scientific and technological departments and agencies, research centers, universities and colleges, and contractors, grantees and other partners acting with or on behalf of any Party or Parties, involved in Scientific Activities under this Agreement;

“*Scientific Activities*” means efforts to advance understanding of the Arctic through scientific research, monitoring and assessment. These activities may include, but are not limited to, planning and implementing scientific research projects and programs, expeditions, observations, monitoring initiatives, surveys, modelling, and assessments; training personnel; planning, organizing and executing scientific seminars, symposia, conferences, workshops, and meetings; collecting, processing, analyzing, and sharing scientific data, ideas, results, methods, experiences, and traditional and local knowledge; developing sampling methodologies and protocols; preparing publications; and developing, implementing, and using research support logistics and research infrastructure;

“*Identified Geographic Areas*” means those areas described in Annex 1.

Article 2

Purpose

The purpose of this Agreement is to enhance cooperation in Scientific Activities in order to increase effectiveness and efficiency in the development of scientific knowledge about the Arctic.

Article 3

Intellectual property and other matters

Where appropriate, cooperative activities under this Agreement shall take place pursuant to specific implementing agreements or arrangements concluded between the Parties or Participants pertaining to their activities, particularly the financing of such activities, the use of scientific and research results, facilities, and equipment, and dispute settlement. Through such specific agreements or arrangements, the Parties shall, where appropriate, ensure, either directly or through the Participants, adequate and effective protection and fair allocation of intellectual property rights, in accordance with the applicable laws, regulations, procedures, and policies as well as the international legal obligations of the Parties concerned, and address other matters that may result from activities under this Agreement.

Article 4

Entry and exit of persons, equipment, and material

Each Party shall use its best efforts to facilitate entry to, and exit from, its territory of persons, research platforms, material, samples, data, and equipment of the Participants as needed to advance the objectives of this Agreement.

Article 5

Access to research infrastructure and facilities

The Parties shall use their best efforts to facilitate access by the Participants to national civilian research infrastructure and facilities and logistical services such as transportation and storage of equipment and material for the purpose of conducting Scientific Activities in Identified Geographic Areas under this Agreement.

Article 6

Access to research areas

1. The Parties shall facilitate access by the Participants to terrestrial, coastal, atmospheric, and marine areas in the Identified Geographic Areas, consistent with international law, for the purpose of conducting Scientific Activities.
2. The Parties shall facilitate the processing of applications to conduct marine scientific research under this Agreement consistent with the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea.

3. The Parties also shall facilitate joint Scientific Activities that require airborne scientific data collection in the Identified Geographic Areas, and that are subject to specific implementing agreements or arrangements concluded between the Parties or Participants pertaining to those activities.

Article 7
Access to data

1. The Parties shall facilitate access to scientific information in connection with Scientific Activities under this Agreement.
2. The Parties shall support full and open access to scientific metadata and shall encourage open access to scientific data and data products and published results with minimum time delay, preferably online and free of charge or at no more than the cost of reproduction and delivery.
3. The Parties shall facilitate the distribution and sharing of scientific data and metadata by, as appropriate and to the extent practicable, adhering to commonly accepted standards, formats, protocols, and reporting.

Article 8
Education, career development and training opportunities

The Parties shall promote opportunities to include students at all levels of education, and early career scientists, in the Scientific Activities conducted under this Agreement to foster future generations of researchers and to build capacity and expertise to advance knowledge about the Arctic.

Article 9
Traditional and local knowledge

1. The Parties shall encourage Participants to utilize, as appropriate, traditional and local knowledge in the planning and conduct of Scientific Activities under this Agreement.
2. The Parties shall encourage communication, as appropriate, between holders of traditional and local knowledge and Participants conducting Scientific Activities under this Agreement.
3. The Parties shall encourage holders of traditional and local knowledge, as appropriate, to participate in Scientific Activities under this Agreement.

Article 10
Laws, regulations, procedures, and policies

Activities and obligations under this Agreement shall be conducted subject to applicable international law and the applicable laws, regulations, procedures, and policies of the Parties concerned. For those Parties that have subnational governments, the applicable laws, regulations, procedures, and policies include those of their subnational governments.

Article 11
Resources

1. Unless otherwise agreed, each Party shall bear its own costs deriving from its implementation of this Agreement.
2. Implementation of this Agreement shall be subject to the availability of relevant resources.

Article 12
Review of this Agreement

1. The Parties shall meet no later than one year after the entry into force of this Agreement, as convened by the depositary, and from then on as decided by the Parties. The Parties may elect to convene such meetings in conjunction with meetings of the Arctic Council including inviting Arctic Council Permanent Participants and Arctic Council Observers to observe and provide information. Scientific cooperation activities with non-Parties related to Arctic science may be taken into account when reviewing the implementation of this Agreement.

2. At such meetings the Parties shall consider the implementation of this Agreement, including successes achieved and obstacles to implementation, as well as ways to improve the effectiveness and implementation of this Agreement.

Article 13

Authorities and contact points

Each Party shall designate a competent national authority or authorities as the responsible point of contact for this Agreement. The names of and contact information for the designated points of contact are specified in Annex 2 to this Agreement. Each Party shall promptly inform the other Parties in writing through its competent national authority or authorities and through diplomatic channels of any changes to those designations.

Article 14

Annexes

1. Annex 1 referred to in Article 1 constitutes an integral part of this Agreement and is legally binding.
2. Annex 2 referred to in Article 13 does not constitute an integral part of this Agreement and is not legally binding.
3. At meetings of the Parties referred to in Article 12, the Parties may adopt additional legally non-binding Annexes. Annex 2 referred to in Article 13 may be modified as provided in that Article.

Article 15

Settlement of disputes

The Parties shall resolve any disputes concerning the application or interpretation of this Agreement through direct negotiations.

Article 16

Relationship with other international agreements

Nothing in this Agreement shall be construed as altering the rights or obligations of any Party under other relevant international agreements or international law.

Article 17

Cooperation with non-Parties

1. The Parties may continue to enhance and facilitate cooperation with non-Parties with regard to Arctic science.
2. Parties may in their discretion undertake with non-Parties cooperation described in this Agreement and apply measures consistent with those described in this Agreement in cooperation with non-Parties.
3. Nothing in this Agreement shall affect the rights and obligations of the Parties under agreements with non-Parties, nor preclude cooperation between the Parties and non-Parties.

Article 18

Amendments to this Agreement

1. This Agreement may be amended by written agreement of all the Parties.
2. An amendment shall enter into force 30 days after the date on which the depositary has received the last written notification through diplomatic channels that the Parties have completed the internal procedures required for its entry into force.

Article 19

Provisional application, entry into force, and withdrawal

1. This Agreement may be applied provisionally by any signatory that provides a written statement to the depositary of its intention to do so. Any such signatory shall apply this Agreement

Nr. 18

5. júlí 2021

provisionally in its relations with any other signatory having made the same notification from the date of its statement or from such other date as indicated in its statement.

2. This Agreement shall enter into force for a period of five years 30 days after the date of receipt by the depositary of the last written notification through diplomatic channels that the Parties have completed the internal procedures required for its entry into force.
3. This Agreement shall be automatically renewed for further periods of five years unless a Party notifies the other Parties in writing at least six months prior to the expiration of the first period of five years or any succeeding period of five years of its intent to withdraw from this Agreement, in which event this Agreement shall continue between the remaining Parties.
4. Any Party may at any time withdraw from this Agreement by sending written notification thereof to the depositary through diplomatic channels at least six months in advance, specifying the effective date of its withdrawal. Withdrawal from this Agreement shall not affect its application among the remaining Parties.
5. Withdrawal from this Agreement by a Party shall not affect the obligations of that Party with regard to activities undertaken under this Agreement where those obligations have arisen prior to the effective date of withdrawal.

Article 20

Depository

The Government of the Kingdom of Denmark shall be the depositary for this Agreement.

DONE at Fairbanks, Alaska, United States of America this 11 day of May, 2017. This Agreement is established in a single copy in the English, French, and Russian languages, all texts being equally authentic. The working language of this Agreement shall be English, the language in which this Agreement was negotiated. The Depositary shall transmit certified copies of this Agreement to the Parties.

ANNEX 1 – Identified Geographic Areas

Identified Geographic Areas for purposes of this Agreement are described by each Party below and include areas over which a State whose government is a Party to this Agreement exercises sovereignty, sovereign rights or jurisdiction, including land and internal waters within those areas and the adjacent territorial sea, exclusive economic zone, and continental shelf, consistent with international law. Identified Geographic Areas also include areas beyond national jurisdiction in the high seas north of 62 degrees north latitude.

The Parties agree that the Identified Geographic Areas are described solely for the purposes of this Agreement. Nothing in this Agreement shall affect the existence or delineation of any maritime entitlement or the delimitation of any boundary between States in accordance with international law.

CANADA - The territories of Yukon, Northwest Territories, and Nunavut and the adjacent marine areas of Canada.

KINGDOM OF DENMARK - The territory of the Kingdom of Denmark including Greenland and the Faroes and its marine areas above the southern limit of the Greenland exclusive economic zone and the Faroese fisheries zone.

FINLAND - The territory of Finland and its marine areas.

ICELAND - The territory of Iceland and its marine areas.

NORWAY - Marine areas north of 62 degrees north latitude, and land areas north of the Arctic Circle (66.6 degrees north latitude).

RUSSIAN FEDERATION

1. Territory of the Murmansk Region;
2. Territory of the Nenets Autonomous Area;
3. Territory of the Chukchi Autonomous Area;
4. Territory of the Yamalo-Nenets Autonomous Area;
5. Territory of the municipal entity "Vorkuta" (Komi Republic);
6. Territories of Allaikhov Ulus (District), Anabar National (Dolgano-Evenk) Ulus (District), Bulun Ulus (District), Nizhnekolymsk District, Ust-Yan Ulus (District) (Sakha Republic (Yakutia));
7. Territories of the Urban District of Norilsk, Taimyr Dolgan-Nenets Municipal District, Turukhan District (Krasnoyarsk Territory);
8. Territories of the municipal entities "The City of Arkhangelsk", "Mezen Municipal District", "Novaya Zemlya", "The City of Novodvinsk", "Onega Municipal District", "Primorsky Municipal District", "Severodvinsk" (Arkhangelsk region);
9. Lands and islands of the Arctic Ocean, identified in the Resolution of the Presidium of the Central Executive Committee of the USSR dated April 15, 1926 "On the announcement of lands and islands situated in the Arctic Ocean as a territory of the Union of SSR" and other legislative acts of the USSR,
as well as adjacent marine areas.

Note: Territories of the municipal entities, listed in the abovementioned items 5 – 8, identified within the borders as of April 1, 2014.

SWEDEN - The territory of Sweden and its marine areas north of 60.5 degrees north latitude.

UNITED STATES OF AMERICA - All United States territory north of the Arctic Circle and north and west of the boundary formed by the Porcupine, Yukon, and Kuskokwim Rivers; the Aleutian chain; and adjacent marine areas in the Arctic Ocean and the Beaufort, Bering, and Chukchi Seas.

Nr. 18

5. júlí 2021

ANNEX 2 - Authorities and contact points

CANADA

Polar Knowledge Canada
170 Laurier Avenue West, 2ND Floor, Suite 200, Ottawa, Ontario K1P 5V5
Telephone: +1 613 943 8605
Email: info@polar.gc.ca

Point of contact for Marine Scientific Research requests:

Global Affairs Canada
Security and Defense Relations, 125 Sussex Drive, Ottawa, Ontario K1A 0G2
Telephone: +1 343 203 3208
Email: chris.conway@international.gc.ca; EXTOTT-IGR@international.gc.ca

KINGDOM OF DENMARK

The Ministry of Foreign Affairs
Department for Northern America and the Arctic
Asiatisk Plads 2, 1448 Copenhagen K
Telephone: + 45 33 92 00 00
Email: ana@um.dk

Danish Agency for Science, Technology and Innovation
Bredgade 40, 1260 Copenhagen K
Telephone: +45 35 44 62 00

Department of Foreign Affairs
Postboks 1340, 3900 Nuuk
Telephone: +299 34 50 00
Email: nap@nanoq.gl

Ministry of Education, Culture, Research and Church
Postboks 1029, 3900 Nuuk
Telephone: +299 34 50 00
Email: ikiin@nanoq.gl

Ministry of Foreign Affairs and Trade
Gongin 7, Postbox 377, 110 Tórshavn
Telephone: +298 30 66 00
Email: uvmr@uvmr.fo

Ministry of Education, Research and Culture
Hoyvíksvegur 72, Postbox 3279, 110 Tórshavn
Telephone: +298 30 65 00
Email: mmr@mmr.fo

FINLAND

Ministry of Education and Culture
P.O. Box 29, FI-00023 Government
(Visiting addresses: Meritullinkatu 10, Helsinki;
Meritullinkatu 1, Helsinki)
Telephone: +358 2953 30004 (Switchboard)
Email: kirjaamo@minedu.fi

Nr. 18

5. júlí 2021

ICELAND

Ministry of Education, Science and Culture
Sölvhólsgata 4, 101 Reykjavík
Tel: +354 545 9500
Email: postur@mmr.stjr.is

The Icelandic Center for Research
Borgartún 30, 105 Reykjavík
Tel: +354 515 5800
Email: rannis@rannis.is

NORWAY

Ministry of Education and Research
P.O. Box 8119 Dep, N-0032 Oslo
Visitor address: Kirkegata 18, Oslo
Telephone: +47 22 24 90 90
Email: postmottak@kd.dep.no

The Research Council of Norway
P.O Box 564 N-1327 Lysaker
Visitor address: Drammensveien 288, Oslo
Telephone: +47 22 03 70 00
Email: post@forskningsradet.no

RUSSIAN FEDERATION

Ministry of Education and Science
Department of Science and Technology
Tverskaya st., 11, Moscow 125993
Telephone: +7 495 629 03 64
Email: D-14@mon.gov.ru

SWEDEN

Ministry of Education and Research
103 33 Stockholm
Telephone: +46 8 405 1000
Email: u.registrator@regeringskansliet.se

UNITED STATES OF AMERICA

US Arctic Research Commission
Executive Director, US Arctic Research Commission
4350 N. Fairfax Dr., Suite 510, Arlington, VA 22203
Telephone: + 1 703 525 0113
Email: info@arctic.gov
